



FLO 'A SKINNI

Scandalo

Fló á skinni

Höfundur: **Georges Feydeau**

Íslenskun og leikgerð: **Gísli Rúnar Jónsson**

Leikstjórn: **María Sigurðardóttir**

Leikmynd og búningar: **Snorri Freyr Hilmarsson**

Lýsing: **Björn Bergsteinn Guðmundsson og Sveinn Benediktsson**

Tónlist: **Sprengjuhöllin**

Hljóðhönnun: **Gunnar Sigurbjörnsson**

Gervahönnun: **Sunna Björk Hreiðarsdóttir**

Frumskýning 5. september 2008 á Stóra sviði Borgarleikhússins.

Sýningin var fyrst frumsýnd á Akureyri þann 9. febrúar 2008 á vegum Leikfélags Akureyrar.

Sýningin er 1 klukkustund og 20 mínútur fyrir hlé en 35 mínútur eftir hlé.

Persónur og leikendur:

Jóhannes Ringsted, forstjóri tryggingafélagsins: **Guðjón Davíð Karlsson**

Saga Ringsted, eiginkona Jóhannesar: **Tinna Lind Gunnarsdóttir**

Jóhann S. Ringsted, bróðursonur Jóhannesar & starfsmaður félagsins: **Hallgrímur Ólafsson**

Mirosław Slowacki, pólskur knattspyrnuþjálfari: **Atli Þór Albertsson**

Þórgunnur Konráðs, eiginkona Mirosławs & vinkona Sögu: **Linda Ásgeirsdóttir**

Finnur Bolla, tryggingalæknir félagsins & trúnaðarvinur Jóhannesar: **Valdimar Örn Flygenring**

Erlendur Karl, lögmaður félagsins & vinur Jóhannesar: **Jóhannes Haukur Jóhannesson**

Eiður Auðuns, starfsmaður í afgreiðslu félagsins: **Halldór Gylfason**

Tína, tælsk eiginkona Eiðs & húshjálpi: **Kristín Þóra Haraldsdóttir/Unnur Ösp Stefánsdóttir**

Sveinbjörn, hóteltjóri Sveinbjarnargreiða: **Þróstur Leó Gunnarsson/Theodór Júlíusson**

Ella, eiginkona Sveinbjarnar: **Margrét Helga Jóhannsdóttir**

Klemmi, dyravörður & fjölvirki á Sveinbjarnargreiða: **Guðjón Davíð Karlsson**

Þrándur, aldraður leikari & starfsmaður Sveinbjarnargreiða: **Þráinn Karlsson/Árni Tryggvason**

Helmut Edelstein, þýskur ferðamaður: **Randver Þorláksson**

Æfinga- og sýningarstjórar: Ingibjörg E. Bjarnadóttir, Pála Kristjánsdóttir og Sigyn Blöndal

Hljóð- og ljósakeysla: Magnús Arnar Sigurðsson og Rainer Eisenbraun

Smíði leikmynda: Dýri B. Hreiðarsson, Bjarki Árnason, B. Hreiðarssynir

Aðstoð við leikmynda- og leikmunagerð: Þórarinn Blöndal, Hörður Óskarsson

Búningar: Stefanía Adolfsdóttir, Maggý Dögg Emilsdóttir, Elma Bjarney Guðmundsdóttir

Leikgervi: Sigríður Rósa Bjarnadóttir, Elín Sigríður Gísladóttir

Leikmunir: Þorleikur Karlsson, Aðalheiður Jóhannesdóttir

Leiksvið: Kristinn Karlsson, Friðþjófur Sigurðsson, Einar Rúnarsson,

Smíðaverkstæði: Gunnlaugur Einarsson

Þakktir: Sævar Karl, Rexín, Tónlistarskólinn á Akureyri, Joe boxer

Tónlistin:

Lagið „Fló á skinni“ er eftir Snorra Helgason og textinn er eftir Berg Ebba Benediktsson.

Megnið af annarri tónlist í sýningunni er eftir Sprengjuhöllina og í flutningi hljómsveitarinnar.

Stjórn upptöku: Valgeir Sigurðsson og Sturla Mio Þórisson.

Upptökur fóru fram í Gróðurhúsinu í janúar 2008.

Sprengjuhöllin:

Atli Bollason: Hljómborð

Bergur Ebba Benediktsson: Texti

Georg Kári Hilmarsson: Bassi

Sigurður Tómas Guðmundsson: Trommur

Snorri Helgason: Gítar og söngur

Magnús Tryggvason Elíasson: Slagverk

Ingimar Anderson: Saxófónn

Upptökur og hljóðblöndun: Valgeir Sigurðsson

Aðstoðarmaður: Sturla Mio Þórisson.

Leikskrá:

Ritstjórn leikskrár: Frank Hall og Hafliði Arngrímsson

Ljósmyndir: Grímur Bjarnason

Umbrot og hönnun: Fítón

Allar myndir í leikskrá eru teknar á æfingu og eru því ekki endanleg heimild um sýninguna.

Í skugga sviðsljóssins

...fólkið bak við tjöldin

Við hverja leiksýningu starfa tugir manns bak við tjöldin, fólk sem leikhúsgestir verða ekki og eiga ekki að verða varir við en sinna mikilvægu starfi svo leiksýningin geti orðið að því sjónarspili sem áhorfendur verða vitni að. Gísli Rúnar Jónsson safnaði saman nokkrum sögum af fólkinu bak við tjöldin sem við leyfum ykkur nú að njóta með okkur.

Í leikhúsinu ægir saman alls kyns lýð. Mest fer þar jafnan fyrir þeim sem standa í sviðsljósinu. Í skugga þeirra bak við tjöldin hefst svo við sundurleitir en samhentur flokkur hjálparkokka sem titlaðir eru með ýmsum hætti. Propsarar, dressarar. Súfflörar, dekoratörar.

Og svo framvegis. Meðhjálpapar sem í hálfkæringi hofmóðugra leikara hafa stöku sinnum verið nefndir einu nafni maskínufólkið. Iðulega svipríkar og aðsópsmiklar persónur ekki síður en leikararnir. Fólk sem rækir vandasöm störf í leikhúsinu, en deilir smærri skerf í vegsemd þess út á við. Enda greina annálar mest frá fræknum leikurum og afrekum þeirra en þeim mun minna frá þrautgóðum hjálparhellum sem unnu leikhúsinu af alhug og skiluðu dagsverki sínu af engu minni ástríðu en þeir sem voru í brennidepli. Þá hefur og í tímans rás mátt finna baksviðs hluttakendur sem ekki þóttu jafn áhugasamir um að innvígjast galdri leiklistarinnar, en voru engu að síður traustir og óbilandi á sínum pósti.



Leikhúsvarsla norðan heiða

Sæmdarhjónin Jón og Jóna voru um árabíl húsverðir hjá Leikfélagi Akureyrar. Ógleymanlegar dásemdarmanneskjur og í minningu margra eins og hluti innréttinga gamla Samkomuhússins. Jón gerði sér aldrei far um að kynna sér sérstaklega innri lögmál leiklistarinnar. Þó vissi hann upp á hár að leikrænt léttmeti á jafnan greiðari aðgang að hjörtum leikhúsgesta en það sem fjallar um hinstu rök. Af þeim sökum spurði hann glaðhlakkalegur „Er þetta ekki söngleikur?“ er hann frétti að leikfélag Menntaskólans á Akureyri hyggðist færa upp harmleikinn um Rómeó og Júlíu á fjöllum Samkomuhússins. Fyrir svörum varð orðvar aðili sem ekki vildi valda húsverðinum vonbrigðum og tjáði honum að ekki væri „beinlínis“ um söngleik að ræða. Þá bætti Jón við mildum en vonarfullum rómi: „En það er nú svona heldur létt yfir því, er það ekki?“

Leikhúsvarsla fyrir sunnan

Einar húsverður í lðnó var vel að sér um alla innviði þess sögufræga húss og rækti störf sín af hugprýði. En var að öðru leyti lítið með nefið ofan í því sem leikararnir hjá Leikfélagi Reykjavíkur höfðu fyrir stafni. Einhverju sinni bankaði upp á í lðnó bakdyramegin maður sem kvaðst eiga privat erindi við leikarann lýðholla Gísla Halldórsson. Einar tjáði komumanni að æfing stæði yfir og ekki mætti ónáða leikarana á meðan. Bauð hann þó manninum að hinkra andartak, brá sér innfyrrir, kom að vörmu spori aftur til baka og sagði: „Jú, þér er óhætt að fara inn núna. Þau eru byrjuð að tala eðlilega.“



Dyravarsla í Þjóðleikhúsi

Árum saman sátu á víxl við lítið gat baksviðs í Þjóðleikhúsinu sömu tveir karlarnir og merktu við leikara í kladda, svöruðu í síma og stöppuðu stálinu í vansælt listafólk baksviðs. Þegar þeir létu af störfum eftir drjúga starfsævi þótti mörgum skarð fyrir skildi. Urðu í kjölfarið tíð mannskipti á þessum mikilvæga pósti og meðal þeirra fjölmörgu sem spreyttu sig við gatið var karl einn nokkuð við aldur sem taldi sig hafa fundið notalega innivinnu til að peppa upp rólegt ævikvöldið. Karlanginn varð aldrei almennilega með á nótunum og þegar nýtt símakerfi var tekið í gagnið í musteri íslenskrar tungu var honum fyrirmanað að tileinka sér eðli þess. Vísaði hann símtölum sem áttu að fara á saumastofu, inn á smink og þeir sem áttu pantað einkasamtal við Þjóðleikhússtjóra, fengu ítrekað samband við mötuneytið. Og þar fram eftir götunum. Eins og fara gerir hringja leikarar í dyravörð að heiman og biðja um nýjustu æfinga- og sýningatöflu. Þegar verið var að æfa leikritið Villihunang hringdi leikkona ein og spurði hvaða leikarar ættu að mæta á æfingu daginn eftir og hvenær. Sá gamli leit á æfingatöfluna og svaraði að bragði: „Villi hunang á að mæta klukkan tíu!”



Meistari kemur í ljós

Á öndverðum áttunda áratugnum stjórnaði ljósaperum Leikfélags Akureyrar rómað þrúðmenni að nafni Árni Valur. Var hann af mörgum talinn einn sá hugkvæmasti í faginu en hvatvís. Þegar nýtt ljósastjórnborð var tekið í notkun brá hann á það snjallræði að koma því fyrir á háum sérsmiðuðum palli öðrum megin á sviðinu. En það fylgdi böggull skammrifi því svo háttaði til að þar voru engar útgöngudyr. Og fyrir bragðið mátti hugvitsmaðurinn sjálfur hafa sig upp á pallinn löngu áður en sýningar hófust og átti ekki afturkvæmt fyrir en í hléi. Þetta var áður en leikhúsið tók í þjónustu sína innanhússtalkerfi og færi eitt-hvað úrskaiðis var starfsfólki baksviðs fyrirmanað að leita liðsinnis hvers annars meðan á sýningu stóð öðruvísi en augliti til auglitis. Nýja stjórnborðið var vígt við uppfærslu leikfélagsins á Tópaz sem í eina tíð þótti snottrasta stofukómedía en svo viðburðarýr framan af að ljósameistarinn sem í hlut á er að heita má í fríu allt frá því hann kveikir á perunni í upphafi uns hann slekkur laust fyrir hlé. Af þeim sökum afréð ljósaönnuður LA að láta á það reyna á sjálfri frum-



sýningu Tópaz hvort hægt væri að komast upp með að fá sér kríu milli þátta. Á lokaspretti síðasta atriðis fyrir hlé er titilpersónu verksins gert að undirrita eitt skjal úr þykkum bunka. Í kjölfarið er svo gert ráð fyrir skyndilegri almyrkvun á sviði og þá er komið hlé. Á frumsýningunni var fjarri því að almyrkvað yrði í kjölfar undirritunar skjalsins. Þvert á móti héldu ljósin áfram að glenna upp vandræðalega ásjónu leikaragarmsins sem fór með hlutverk Tópazar og hélt hann áfram að undirrita skjöl af mikilli ákefð meðan hann beið þess að ljósin færu út. Haft er fyrir satt að frumsýningargestum séu svipbrigði leikarans enn í fersku minni, þrjátíu og átta árum síðar, þegar hann að lokum kom auga á ljósameistara LA, sofandi á pallinum útsviðs. Það mun svo ekki hafa verið fyrir en röklegja fjörutíu undirrituðum skjölum og tíu mínútum síðar að ljósameistarinn tilraunaglaði hrökk upp af værum svefni sínum á pallinum - og tók niður ljósin.



PROPS

Í þaník

Bjarni Stefánsson formkúnnstner var ómissandi baktjaldamaður við Þjóðleikhúsið. Glaðsinna náungi, suðrænn í fasi og ákafur óperuunnandi. Bjarni bjó leiksvýningum svo tugum skipti fágæta gripi sem ekki var hægt að nálgast eftir hefðbundnum leiðum. Með takmarkað úrval hráefnis en dæmafátt hugvit mótaði Bjarni, skar út og sneið til listaverk á heimsmaelkvarða og árum saman runnu á færibandinu úr smiðju hans dýrindis höggmyndir, framandi skepnur og fleira góðgæti. Einhverju sinni kom að máli við Bjarna taugaóstyrkur leikstjóri og ámalgaði við hann flókin þjónustubrögð með ókristilega stuttum fyrirvara. Verkefnið snerist um að búa til dúfu sem væri þeirrar náttúru að geta setið í bærilegu jafnvægi á öxl Sigurðar Sigurjónssonar og umfram allt að líta út fyrir að vera sprellifandi. En síðast en ekki síst: verkefnið skyldi á enda kljást fyrir kaffi. Bjarni hvarf kímileitur á braut og birtist aftur tæpri klukkustund síðar með dúfu á öxlinni, svo eðlilega að ekki varð betur séð en hún væri af holdi, blóði, fiðri og öðru tilheyrandi. Bjarni sem ekki átti í nein hús að venda með glöggar fyrirmyndir, hafði brugðið sér upp á þak leikhússins, vopnaður hleif af einangrunarplasti, útskurðarhníf, þremur hæsnafjöðrum, bréfastemmu, málningardropa í pensli og sjónauka. Gegnt leikhúsinu, undir þakskeggi á húsi heildverslunar Jóhanns Ólafssonar, höfðust við dúfugarmar af öllum gerðum og með sjónauka í annarri og hníf í hinna skar Bjarni fríhendis út dúfu meðan fyrirseturnar kurruðu grandalausar undir rjáfri handan götunnar.



Sumir þessara baktjaldamakkara höfðu ekki ætíð staðið í skugga sviðsljóssins. Nokkrir höfðu í árdaga jafnvel gengið í framlínu, farið með stór hlutverk en af óskýrðum sökum dregið sig í hlé. Einn þeirra var Þorgrímur Einarsson. Leikari, dansari, leiktjaldamálari og síðast en ekki síst sýningarstjóri. Og um hríð vinsæll skemmtikraftur. Frægastur varð hann fyrir upptroðslur í félagi við dansmey eina sem gekk undir nafninu Rikka. Rikka þessi var óskóluð í danskúnnstum en fádæma ráðþægur dansfélagi og lét betur að stjórni en þjálfaðar ballerínur, enda liðamóta- og viljalaust verkfæri í höndum Þorgríms, búin til úr taudúk og fóðurtroði. Þorgrímur eða Gimmi eins og hann var kallaður stóð strembna vakt í sýningarstjórnarni Þjóðleikhússins í tæpa þrjá áratugi, en þegar á þurfti að halda rifjaði hann upp gamalt handverk og fór með mikilvæg smáhlutverk. Margir leikarar minnast Gimma þar sem hann stóð hnarreistur úti í sviðsvæng, gaf ljósa- og hljóðmönnum kjú á báðar hendur, en stökk þess á milli inn á svið og gaf út handtökuskipanir, gekk grájárnaður fyrir herjum eða brá sér í hlutverk gangandi vegfarenda. Og stal iðulega senunni. Þá sjaldan að Gimmi heiðraði leiksviðið með nærveru sinni skamma stund í sköndnu smáhlutverki mátti á eftir heyra meðal áhorfenda bollaleggingar um hver hann væri þessi nýi, skemmtilegi leikari með kringlóttu andlitið.

Hljómlist og háttvísi

Carl Billich var árum saman tónlistarstjóri Þjóðleikhússins. Ógleymanlegur persónuleiki, framúrskarandi músikant og hvers manns hugljúfi. Fæddur í Austurríki og hingað kominn landflótta skömmu fyrir stríð. Billich eins og hann jafnan var kallaður bar með sér framandi menningarblæ ásamt miðevrópskri háttvísi sem tók íslenska samferðarmenn hans drjúgan tíma að aðlagast. Billich þénaði alla og vék ævinlega úr vegi er hann mætti fólki á göngum leikhússins, dró stóla undir dömur og opnaði dyr jafnt fyrir bæði kynin. „Nei, þér fyrst,” var viðkvæðið hjá Billich. Nákvæmni þessa heiðursmanns var viðbrugðið og af talsvert öðrum skóla en við eigum að venjast á norðurhjara. Einhverju sinni þurfti Svavar Gests á píanista að halda til að leika inn á hljómplötu með naumum fyrirvara. „Getuðu komið klukkan sex?” spurði hljómplötuútgefandinn. „Ég get komið fjórar mínútur í sex, ef þér viljið,” svaraði píanistinn um hæl. Oft þurfti Billich að fást við listafólk sem bjó yfir hóflegri sönghæfni. Þó er ekki vitað til þess að hann hafi hallað orði á nokkurn mann enda þótt tilefnið væri stundum ærið. Ef honum var ofboðið, sagði hann í mesta lagi, með kímíð blik í augum „Þér getið varla látið spyrjast út þér ekki kunnið syngja í takt.” Billich aðstoðaði leikkonuefnið Eddu Björgvinsdóttur við undirbúning inntökuprófs fyrir leiklistarskóla. Eddu varð snemma ljóst að Billich hafði litla trú á henni til söngs, enda þótt hann færi með þá skoðun sína eins og mannsmorð. Þegar Edda gekk á hann að afloknum strembum æfingum og innti hann eftir því hvað honum þætti um frammistöðu sína, sagði hann háttvís: „Þér hafið afar góða munnstöðu.”



Saumað að konum

Baksviðs unnu einnig dömur og herrar sem gáfu leikurum útlit, skárna eða lakara eftir atvikum. Frú Fanney var forstöðukona á saumastofu Þjóðleikhússins fyrir á árum, lágvaxin og fínleg frú með hýrlegt bros. En hún stjórnaði mannskap sínum af festu enda voru afköst deildarinnar fáheyrð. Enginn minnst þess að hafa séð stúlkur af saumastofu sóa tíma utan starfsvettvangs síns og á matstofu Þjóðleikhússins voru saumakonur jafn fátíðir gestir og menntamálaráðherra. Málið var leyst með eftirfarandi hætti: Við hádegisbil var ein saumakona leyst af vaktinni skamma stund til að sækja mat í stórt ílát sem hún bar síðan upp á saumastofu, þar sem kjólameistarar skiptu krásam í skyndi á milli sín, snæddu síðan við hlið saumamaskínu sinnar og héldu áfram að vinna, baki brotnu, án þess að falla verk úr hendi.

Söngkona **skölluð**

Margrét Matthíasdóttir var hárkollumeistari Þjóðleikhússins í áratugi. Ævinlega kölluð Dadda og þótti einkar lunkin við hár og skegg. Ekki mun hún þó hafa haft sömu ánægju af förðun, enda skartaði hún velsnyrtum og glanslökkuðum skvísunögglum sem gerðu henni örðugt um vik. Þrátt fyrir ótvíræða leikni við hnýtingu gervihárs, hafði Dadda þó óbeit á einni tegund höfuðbúnaðar. Var alþekkt hve frúin hrökk í óleysanlegan baklás þegar skalla[hár]kollur voru nefndar. Benedikt Árnason sem um árabíl var einn fremsti leikstjóri leikhússins var sömuleiðis alræmdur fyrir góðkynja hrekkvísi. Þegar Benedikt var falið að færa upp fáránleikaverk Ionesco Sköllótta söngkonan, kom hann að máli við Döddu og lét svo ummælt að aðalpersóna verksins væri, eins og titillinn gaf til kynna, söngkona ein nauðasköllótt. Kvað hann svo mikið mæða á hárlausu toppstykki dívunnar að óhjákvæmilegt væri að búa til að a.m.k. þrjár vandaðar skallakollur og jafnvel fleiri til skiptanna. Yfir þessu lét Benedikt hárkollumeistarann svitna um hríð eða allt þar til hann kallaði áhöfn sína til fyrsta samlesturs. Þar komst Dadda að raun um að engin var söngkonan í verkinu, þrátt fyrir titilinn.

Hár - koll af **kolli**

Dadda hélt af öryggi og búhyggju utan um eigur og efnivið hárkollstofu sinnar, enda alkunna hve skil voru nákvæmari á lager deildarinnar en annarra innan stofnunarinnar. Stundum virtist sem hárkollumeistararnum þætti hárkollur beinlínis betur niðurkomnar í vísu geymsluhólfi en á höfði leikaranna. Einhverju sinni kastaðist í kekki milli Döddu og leikara sem fundið hafði í hirslum deildarinnar kollupart einn hárprúðan og rammgeran, sem hann taldi að komið gæti í góðar þarfir á kolli sínum, þegar búið væri að beita skærnum hæfilega. Þá mun hárkollumeistarinn hafa sagt sínum djúpa og sefandi rómi: „Mér er alls ekkert um það gefið að verið sé að klippa hárkollur.” Leikarinn áráddi að spyrja hvers vegna. „Hárið á þeim vex ekki aftur, vinur” svaraði Dadda og læsti hárkolluna aftur vandlega ofan í skúffu.



Áhorfandinn á skilið aðeins það besta

Niður í gömlu lðnó var ekki eins mikið umleikis og í Þjóðleikhúsi. Og enginn var hárkollumeistarinn. Af þeim sökum var talsverðrar útsjónarsemi þörf í kjallaranum við Tjörnina. Árum saman greiddi þar af hagleik svikið hár sem ósvikið heiðurskonan Lilja. Lilja var vellátin af leikurum, kunni að gera mikið úr litlu og þótti fjarska góður félagi baksviðs. Ekki hafði hún þó fyrir sið að troða leikurum um tær á þeirra sérsviði og þrátt fyrir langan starfsaldur í leikhúsi var haft fyrir satt að hún hefði aðeins séð eina leiksýningu í heild sinni. Við uppfærslu Leikfélagsins á Plógi og stjörnum eftir Sean O' Casey fór Edda Þórarinsdóttir með hlutverk portkonu, sem samkvæmt forskrift skáldsins átti að vera illa tilhöfð og ókindarleg. Gervi sínu til áherslu hafði Edda valið rauðsprengdan hárkollugarm sem aldrei hafði verið sómasamlega greiddur og þótti fara vel á því. Eitt sýningarkvöldið þegar Lilja var að skorða hárstykkið á höfði leikkonunnar, tók hún óvænt og af ákefð að vanda mjög til lagningar hársins og gaf sér góðan tíma. Þegar leikkonan heyrði að stikkorðið nálgæðist uppi á leiksviði, tók hún að ókyrrast í stólnum og sá sig að lokum tilneydda að stöðva handverkskonuna. „Ég má ekki vera svona fín um hárið, Lilja mín,” sagði Edda. „Þetta er bara mella.” Þá svaraði Lilja brosmild: „Já, en Edda mín, ég frétti að maðurinn þinn væri í salnum í kvöld.”



Umferðarstjórn á sviði

Sigurrós hét reffileg frú er árum saman annaðist hárgreiðslu kvenna fyrir uppfærslur Þjóðleikhússins. Stóð hún vakt sína oftast nær ein og óstudd og greiddi leik- og söngkonum í tugatali fyrir mannmargar sýningar. Ef mikið var í húfi tókst henni þó stöku sinnum með klókindum að betla út aukamanneskju, sem ekki var auðsótt því Rósinkranz Þjóðleikhússtjóri var ráðdeildarsamur úr hófi fram. Fyrir kemur að starfsmönnum baksviðs sé gert að annast snúninga sem ekki heyra undir starfslýsingu þeirra og þar sem Sigurrós þótti náttúruð til manlegra samskipta voru henni iðulega fengin óskyld störf, m.a. til að liðka til milli geðríkra listamanna og fleira í svipuðum dúr. Þegar færa skyldi upp í Þjóðleikhúsi óperu Mozarts um Fígaró og brullaup hans valdist í aðalhlutverk ung og snotur en allsendis óreynd söngkona. Voru meiningar deildar um sönghæfni hennar en vensl við Þjóðleikhússtjóra höfðu vakið áleitnar spurningarnar meðal lærðra sem leikra, því skammt var um liðið frá því hann gekk að eiga þessa föngulegu stúlku. Snemma á æfingatímabili fór að bera á því hve ósýnt hinni ungu dívu var um að fara inn á leiksviðið á réttu stikkorði. Og ef hún hafðist inn á svið, var undir hælinn lagt hvenær - eða yfirhöfuð hvort - hún hefði sig út af því aftur. Fór svo að lokum að Þjóðleikhússtjóri afréð að fá frú sinni til halds sérstakan leiðsögumann svo hún mætti rata inn í senur og út úr þeim aftur. Enginn þótti betur fallin til þess að annast umferðarstjórn frúarinnar en Sigurrós hárgreiðslumeistari, enda þótt henni væri líka ætlað að leggja hár fjölda söngkvenna í sýningunni. Sýningarstjóri var Gimmi, sem áður er nefndur og mun hann hafa komið að máli við Þjóðleikhússtjóra og gert athugasemd við þessa ráðstöfun með þeim ummælum að engin fordæmi væru í sögu leikhússins um að sérstaka manneskju þyrfti til að vísa listamönnum inn og út af sviðinu. Þjóðleikhússtjóri kvað það rangt vera - og bætti við sigrihrósandi „Þegar við sýndum Tehús Ágústmánans, hér á fyrstu árum leikhússins, vorum við með lifandi geit í sýningunni - og þá höfðum við sérstakan mann til að vísa henni út og inn.”

Gísli Rúnar Jónsson







Flóin áður



Leikritið Fló á skinni var frumsýnt í París árið 1907 og hefur notið mikilla vinsælda síðan. Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi verkið 29. desember 1972 í þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur og leikstjórn Jóns Sigurbjörnssonar. Sýningin sló öll fyrri met hjá LR og var sýnd misserum saman og fór í leikferð. Stuttu eftir að LR flutti í Borgarleikhúsið var sýningin frumsýnd á ný, 20. október 1990 og aftur í leikstjórn Jóns.

Þessi uppsetning var svo sýnd hjá Leikfélagi Akureyrar árið 2007 og snýr nú aftur til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsið. Fló á skinni hefur einnig verið vinsælt hjá áhugaleikfélögum landsins.



Nafn persónu	Nafn persónu, LA 2008
Chandebise; Poche	Jóhannes Ringsted/Klemmi
Raymonde	Saga Ringsted
Lucienne	Þórgunnur Konráðs
Camille Chandebise	Jóhann S. Ringsted
Antoinette	Tína
Etienne	Eiður Auðuns
Finache	Finnur Bolla
Romain Tournel	Erlendur Karl
Homénides de Histangua	Mirosław
Ferraillon	Sveinbjörn hóteltjóri
Eugénie	-
Olympe	Ella
Rugby	Helmut Edelstein
Baptistin	Þrándur

Leikarar í uppsetningu LR 1972

Gísli Halldórsson
Guðrún Ásmundsdóttir
Helga Bachmann
Þorsteinn Gunnarsson
Hrafnhildur Guðmundsdóttir
Kjartan Ragnarsson
Steindór Hjörleifsson
Borgar Garðarsson
Helgi Skúlason
Jón Hjartarson
Helga Þ. Stephensen
Guðrún Þ. Stephensen
Guðmundur Pálsson
Brynjólfur Jóhannesson

Tóku við hlutverkum:
Pétur Einarsson
Soffía Jakobsdóttir
Hrönn Steingrimsdóttir
Jón Sigurbjörnsson
Sigríður Hagalín
Karl Guðmundsson
Sigurður Karlsson

Leikarar í uppsetningu LR 1990

Árni Pétur Guðjónsson
Guðrún S. Gísladóttir
Ragnheiður Tryggvadóttir
Þór Tulinius
Ása Hlín Svavarsdóttir
Jakob Þór Einarsson
Pétur Einarsson
Guðmundur Ólafsson
Kristján Franklin Magnúss
Jón Hjartarson
Helga Braga Jónsdóttir
Margrét Ólafsdóttir
Sigurður Karlsson
Babtistin

Tóku við hlutverkum:
Þórarinn Eyfjörð
Helga Þ. Stephensen

Leikarar í uppsetningu LA og Borgarleikhúss 2008

Guðjón Davíð Karlsson
Tinna Lind Gunnarsdóttir
Linda Ásgeirsdóttir
Hallgrímur Ólafsson
Kristín Þóra Haraldsdóttir/Unnur Ösp Stefánsdóttir
Viktor Már Bjarnason/Halldór Gylfason
Valdimar Örn Flygenring
Jóhannes Haukur Jóhannesson
Atli Þór Albertsson
Aðalsteinn Bergdal/Þróstur Leó/Theodór Júlíusson
-
Margrét Helga Jóhannsdóttir
Randver Þorláksson
Þráinn Karlsson / Árni Tryggvason





Georges Feydeau

fæddist í París árið 1862 en þegar hann lést, 59 ára að aldri, skildi hann eftir sig yfir 40 leikverk sem flest voru gamanleikir og farsar. Fyrsta leikrit Feydeau skrifaði hann tvítugur að aldri en þar var á ferðinni gamansamur einleikur. Fyrsta verkið sem vakti athygli var leikritið „Tailleur pour dames“ sem hann samdi 24 ára að aldri. Þekktasta verk höfundarins er án vafa það sem þið sjáið hér í kvöld, Fló á skinni. Þessi bráðsnjalli gamanleikur var frumsýndur árið 1907 undir nafninu „Une puce à l'oreille“ sem útleggst í beinni þýðingu „Fluga í eyranu“. Leikritið hefur notið fádæms vinsælda í þá rúmu öld sem liðin er frá frumsýningu þess en Íslendingar sáu verkið fyrst á fjöllum Leikfélags Reykjavíkur í lðnó í uppsetningu Jóns Sigurbjörnssonar og þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur, árið 1972. Sýningin sló öll met og var lengi vel vinsælasta uppsetning LR frá upphafi eða allt þar til Sex í sveit, í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur og þýðingu Gísla Rúnars, var sett upp í Borgarleikhúsinu árið 2000. Fló á skinni var sett upp á nýjan leik hjá LR árið 1990. Einnig hafa áhugaleikfélög landsins glímt við farsann margsinis. Verkið birtist á sviði LA í nýrri þýðingu og íslenskun Gísla Rúnars Jónssonar. Tvö önnur leikrit Feydeau hafa verið sett upp hér á landi, Hvað varstu að gera í nótt? og Hótel Paradís, bæði í uppsetningu Þjóðleikhússins.



Gísli Rúnar Jónsson

kom fyrst fram opinberlega á vegum LA, hér á fjöllum gamla Samkomuhússins árið 1970, í ádeilu-leiknum Lýsistrata eftir Aristófanis, sem fjórði rómverski riddari frá hægri, í aftari röð fyrir miðju. Gísli nam leiklist hjá Ævari Kvaran, Leiklistarskóla leikhúsanna og The Drama Studio í Lundúnum. Gísli Rúnar hefur leikið ófá hlutverk í gegnum tíðina auk þess sem hann hefur verið vinsæll skemmtikraftur. Margar persónur hans eru ógleymanlegar og nægir að nefna Kaffibrúsakarlarana. Hann kvað sér fljótlega hljóðs sem leikstjóri og textasmiður. Hann hefur verið afkastamikill handritshöfundur fyrir svið, sjónvarp, útvarp og kvikmyndir en einnig einn fremsti þýðandi síðustu ár, ekki síst á gamansömu efni og söngleikjum. Meðal verka sem Gísli hefur skapað, einn eða í samstarfi við aðra eru: Heilsuþælið í Gervahverfi, Nörd – Nær Öldungis Ruglaður Drengur og fjöldamörg áramótakaup. Meðal verkefna sem hann hefur þýtt, staðfært eða endurskrifað eru Viltu finna milljón, Sex í sveit, Laddi 6-tugur, Alveg brilliant skilnaður, Chicago, Óliver, Grease, Litla hryllingsbúðin, Sweeney Todd, Kysstu mig Kata, Gleðigjafarnir, Allir á svið og síðast en ekki síst Fló á skinni sem ber fyrir augu (og hlustir) áhorfenda nú í kvöld. Fyrir nokkrum árum sagði Gísli skilið við Ísland sem leikari og leikstjóri, flutti af landi brott og helgaði sig alfar-ið ritstörfum. Hann býr nú í Los Angeles og vinnur m.a. að ritun kvikmyndahandrits undir vinnuheitinu “Parental Guidance-the Story of Thelma.”



María Sigurðardóttir

lauk námi frá Leiklistarskóla Íslands árið 1983 og hefur síðan unnið við fjölda verkefna sem leikkona og leikstjóri jafnt í kvikmyndum sem leikhúsi. Hún hefur jafnframt starfað við kennslu í leiktúlkun, meðal annars við Listaháskóla Íslands. María hefur leikið í ýmsum sýningum hjá Leikfélagi Reykjavíkur, Alþýðleikhúsinu, Leikfélagi Akureyrar og í Þjóðleikhúsinu. Hún hefur á undanförunum tveimur áratugum leikstýrt tuttugu leiksýningum áhugamanna, meðal annars hjá Leikfélagi Húsavíkur, Umf. Eflingu í Reykjadal og Freyvangsleikhúsinu. Hjá Leikfélagi Reykjavíkur leikstýrði María Sex í sveit, Pétri Pan, Fegurðardrottningunni frá Línakri, Leitinni að vísbendingu, Bláa herberginu, Öfugu megin uppi og söngleiknum Honk! Hún leikstýrði Þjóni í súpunni í lðnó, Sýndri veiði og söngleiknum Hedwig hjá Leikfélagi Íslands, Fifli í hófi hjá Sögn ehf. í Íslensku óperunni og Hálsfesti Helenu hjá Þjóðleikhúsinu. María leikstýrði dans- og söngvamyndinni Regínu og heimildamyndunum Locomotion og My Family and Me. Hún hefur einnig starfað sem aðstoðarleikstjóri við tíu kvikmyndir, meðal annars Tár úr steini, Djöflaeyjuna, Stikkfrí og Engla alheimsins. María Sigurðardóttir gegnir nú starfi leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar.



Snorri Freyr Hilmarsson

lauk námi í leikmyndahönnun frá Tækniháskólanum í Birmingham 1989. Hann hefur gert fjölda leikmynda fyrir sjónvarp og leikhús. Meðal verkefna hans í sjónvarpi eru Jörundur hundadagakonungur, Fiskur og Besti vinur kvenna. Meðal verkefna hans í leikhúsi eru Rommí og Stjörnur á morgunhimni í lðnó, Drög að svínasteik hjá EGG-leikhúsinu/Þjóðleikhúsinu, Tobacco Road hjá LA, Öndvegiskonur, Blíðinnur, Boðorðin níu, Kvetch, Sporvagninn Girnd, Draugalestin, Belgíska Kongó, Sekt er kennd og Mein Kampf í Borgarleikhúsinu, Sweeny Todd, Tökin hert og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá Íslensku óperunni, Kabarett hjá Á senunni og Úlfhamssaga hjá Öðru sviði og Hafnarfjarðarleikhúsinu. Meðal verkefna fyrir Þjóðleikhúsið eru Sannar sögur af sálarlífi systra, Glanni glæpur í Latabæ, Hægan Elektra, Laufin í Toscana, Lífið þrisvar sinnum, Rakstur og Sæluþýjan. Snorri Freyr er fastráðinn leikmyndahöfundur við Borgarleikhúsið.

Björn Bergsteinn



Guðmundsson

hefur lýst fjölda sýninga, aðallega í Þjóðleikhúsinu frá árinu 1982. Eitt ár starfaði hann við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn og síðustu þrjú árin hefur hann verið aðal-ljósahönnuður LA. Hann hefur hannað lýsingu fyrir fjölda leiksýninga, en meðal þeirra nýlegustu eru Brúðheimilið, RENT, Krítarhringurinn í Kákasus, Hægan, Elektra, Kirsuberjagarðurinn, Blái hnötturinn, Hver er hræddur við Virginíu Woolf?, Cyrano frá Bergerac, Veislan, Með fullri reisu, Rauða spjaldið, Jón Gabríel Borkmann, Þetta er allt að koma, Edith Piaf, Nítjánhundrað, Öxin og jörðin og nú síðast Leg. Björn hannaði ásamt Páli Ragnarssyni lýsingu við óperuna Hollendinginn fljúgandi sem sýnd var á Listahátíð 2002 á Stóra sviði Þjóðleikhússins. Hann hefur unnið lýsingu margra sýninga Hafnarfjarðarleikhússins, Íslensku óperunnar og ýmissa leikhópa. Sýningar sem Björn hefur lýst fyrir LA síðustu tvö árinu eru: Eldað með Elvis, Pakkið á móti, Fullkomið brúðkaup, Maríu-bjallan, Litla hryllingsbúðin, Herra Kolbert, Lífið – notkunarreglur, Óvitar og Ökutímar. Björn hefur hlotið fjölda viðurkenninga, m.a. hefur hann hlotið Grímuna fyrir vinnu sína. Björn er nú yfirljósahönnuður í Borgarleikhúsinu.

Sprengjuhöllin


er hljómsveit úr Reykjavík sem hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2006. Hefur hljómsveitin allt frá því hún hóf göngu sína vakið athygli fyrir að höfða til breiðs hóps áheyrenda og fyrir að endurvekja og skapa sérstaka stemningu fyrir popptónlist innan íslensks menningarlífs. Á árinu 2007 kom hljómsveitin nokkrum lögum í mikla spilun hjá útvarpsstöðvunum, þar á meðal hinu geysivinsæla Verum í sambandi, sem sat vikum saman í efsta sæti samræmds vinsældalista Rásar 2, X-ins 977, FM957, Bylgjunnar og tonlist.is. Í kjölfar þess sendi hljómsveitin svo frá sér sína fyrstu breiðskífu, Tímarnir okkar, sem kom út í október. Var plötunni afar vel tekið og var hún talin 2. besta plata ársins af álitsgjöfum Fréttablaðsins og sú 3. besta af Morgunblaðinu, auk þess sem hún var ein söluhæsta plata síðasta árs. Hljómsveitina skipa: Atli Bollason: hljómborð, söngur, Bergur Ebbi Benediktsson: gítar, söngur, Georg Kári Hilmarsson: bassi, söngur, Sigurður Tómas Guðmundsson: trommur og Snorri Helgason: gítar, söngur.



Þröstur Leó Gunnarsson

lauk námi frá Leiklistarskóla Íslands árið 1985 og var þá ráðinn til starfa hjá Leikfélagi Reykjavíkur, þar sem hann lék fjölda aðalhlutverka. Meðal þeirra eru Hörður í Degi vonar, Aðalsteinn í Kjöti, Tom Joad í Þrúgum reiðinnar, Juhani í Dökku fiðrildunum, Bárður í Íslensku mafíunni, Magnús í Bræðratungu í Hinu ljósa mani og titilhlutverkin í Platonov, Tartuffe og Hamlet. Þröstur hefur leikið í nokkrum kvikmyndum, meðal annars Jón Leifs í Tárur úr steini og föður Nóa í Nóa albínóa, en fyrir það hlutverk hlaut hann Edduverðlaunin 2003. Hann hefur einnig hlotið grímuverðlaun undanfarin tvö ár fyrir hlutverk sín í Killer Joe og Ökutímum hjá Leikfélagi Akureyrar. Þröstur er nú snúinn aftur til Borgarleikhússins eftir að hafa leikið hjá Leikfélagi Akureyrar og Þjóðleikhúsinu. Auk hlutverka sinna í Fló á skinni og Ökutímum mun Þröstur taka að sér hlutverk Colemans í Vestrið eina og í Milljarðarmærin snýr aftur.

Árni Tryggvason



hefur verið í hópi ástsælustu leikara þjóðarinnar um áratuga skeið. Hann útskrifaðist úr Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar eftir þriggja ára nám. Fyrstu ár ferils síns brilleraði Árni á sviði Leikfélags Reykjavíkur. Meðal hlutverka þar voru í Frænku Charles, Ævintýri á gönguför og Beðið eftir Godot. Árni réðist til Þjóðleikhússins árið 1961 og var fastráðinn þar alla tíð þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir en hefur þó leikið nokkur eftirminnileg hlutverk eftir þann tíma. Hann lék á annað hundrað hlutverk í Þjóðleikhúsinu, m.a. í hlutverk Lilla klifurmúsar í Dýrunum í Hálsaskógi, í Kardimommubænum, Rómeó og Júlíu, Manni í mislitum sokkum, Síðasta segulbandi Krapps og Gosa. Árni hefur reglulega komið norður um heiðar og leikið fyrir Leikfélag Akureyrar, meðal hlutverka Árna hér eru í Jónaævintýri Dickens, Tobacco Road, Fátæku fólki og Silfurtunglinu. Hann hefur einnig leikið í öðrum leikhúsum, m.a. í Fjórum hjörtum og Kristnihaldi undir Jökli. Árni hefur leikið umtalsvert í útvarpi og sjónvarpi en meðal eftirminnilegra kvikmynda sem hann hefur leikið í eru Húsið, Atómstöðin, Agnes, Djöflaeyjan og Mávahlátur.



Atli Þór Albertsson

útskrifaðist frá Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2005. Síðan hefur hann leikið fjölda hlutverka á leiksviði, í sjónvarpi og útvarpi. Meðal leiksýninga sem Atli hefur leikið í frá útskrift eru Kabarett í Íslensku Óperunni og barnasöngleikurinn Abbababb í uppsetningu Á senunni í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Hlutverk Miroslaw í Fló á skinni er fyrsta hlutverk Atla hjá LA. Atli hefur starfað mikið í sjónvarpi en hann var hluti af Strákunum sem naut gríðarlegra vinsælda á Stöð 2. Þá hefur hann skapað fjölda eftirminnilegra persóna sem sjónvarpsáhorfendur þekkja glögg, svo sem Alla Atlas og Adda Idol. Atli hefur leikið í fjölda útvarpsleikrita og stýrt útvarpsþáttum á Rás 2, nú í vetur þættinum frá A-J á föstudagskvöldum. Atli hefur einnig skrifað og leikstýrt áhugasýningum, þar á meðal The Commitments árið 2007 og kennt leiklist í framhaldsskólum.



Guðjón Davíð Karlsson útskrifaðist frá Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2005. Hann var fastráðinn við Leikfélag Akureyrar strax eftir útskrift og var einn helsti burðarás leikhússins síðan. Vorið 2008 var Guðjón fastráðinn leikari við Borgarleikhúsið. Guðjón tók þátt í nokkrum söngleikjum fyrir útskrift og má þar nefna hlutverk Kela í Grease sem sýndur var í Borgarleikhúsinu 2003, hlutverk Voffa í Hárinu sem sýnt var í Austurbæ 2004, og Bobby í Kabarett sem sýndur var í Íslensku óperunni 2005. Guðjón er einn stofnenda leikhópsins Lifandi leikhús og hefur leikið í tveimur uppfærslum þess hóps. Hann hefur einnig verið iðinn við að tasetja teiknimyndir. Guðjón fór með burðarhlutverk hjá LA í Pakkinu á móti, Fullkomnu brúðkaupi, Maríubjöllunni, Litlu hryllingsbúðinni, Kárius og Baktus, Svartur köttur, Herra Kolbert og Óvitum en einnig lék hann ýmis hlutverk í Ökutímum og Lífinu-notkunarreglum.



Hallgrímur Ólafsson útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands vorið 2007 og var fastráðinn leikari hjá LA strax við útskrift, en vorið 2008 gerðist hann fastráðinn leikari hjá Borgarleikhúsinu. Útskriftarsýning bekkjar hans við Leiklistardeildina, Lífið - notkunarreglur, var unnin í samstarfi við LA og sýnd í Rýminu. Hjá Leikfélagi Akureyrar lék Hallgrímur í Óvitum og fór með ýmis hlutverk í Ökutímum. Á undanförunum árum hefur hann tasett fjöldan allan af teiknimyndum bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndahús. Þá hefur hann einnig starfað sem tónlistarmaður frá unga aldri. Auk hlutverka sinna í Ökutímum og Fló á skinni mun Hallgrímur leika í sýningunum Fólkið í blokkinni og Milljarðamærin snýr aftur á fjöllum Borgarleikhússins í vetur.



Kristín Þóra Haraldsdóttir útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands vorið 2007 og var þegar fastráðin hjá Leikfélagi Akureyrar. Vorið 2008 gerðist hún svo fastráðinn leikari hjá Borgarleikhúsinu. Kristín hlaut verðskuldað lof fyrir frammistöðu sína í aðalhlutverkinu í Ökutímum hjá Leikfélagi Akureyrar og mun hún leika það áfram á fjöllum Borgarleikhússins í vor. Þá lék Kristín systurina í Óvitum og Tínu í Fló á skinni hjá Leikfélagi Akureyrar. Auk hlutverka sinna í Ökutímum og Fló á skinni, mun Kristín Þóra leika í Rústað eftir Söru Kane og Vestrinu eina á Nýja sviði Borgarleikhússins í vetur. Vegna þessara verkefna Kristínar mun Unnur Ösp Stefánsdóttir taka við hlutverki hennar í Fló á skinni.



Theodór Júlíusson er með diploma í leiklist frá The Drama Studio í London. Hann var fastráðinn leikari hjá Leikfélagi Akureyrar 1978 til 1989. Hann lék fyrsta hlutverk sitt hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1988 og hefur síðan leikið um fimmtíu hlutverk með félaginu. Hann hefur tvisvar verið tilnefndur til Grímuverðlauna fyrir hlutverk sín í Púntilla og Matta og söngleiknum Ást. Theodór hefur leikstýrt fjölda sýninga hjá áhugaleikfélögum og einnig hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann hefur leikið í ótal útvarpsleikritum sjónvarps- og kvikmyndum t.a.m. í Englum alheimsins, Hafinu, þar sem hann var tilnefndur til Edduverðlauna, og Mýrinni. Hann leikur í Sveitabrúðkaupi sem frumsýnd var fyrir skömmu og í Reykjavík-Rotterdam sem verður væntanlega frumsýnd síðar á árinu. Theodór er í stjórn Leikfélags Reykjavíkur.

Unnur Ösp Stefánsdóttir útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands 2002 og hefur síðan þá starfað við leikhús og kvikmyndir, bæði sem leikari og leikstjóri. Hún framleiddi og leikstýrði kvikmyndinni Reykjavík Guesthouse-rent a bike og leikstýrði söngleiknum Footloose í Borgarleikhúsinu. Hún var einn stofnenda leikhópanna götuleikhús Zirkus Ziemsen, Kvenfélagið Garpur og Menningarfélag Alþýðunnar sem setti upp söngleikinn Hárið 2004.

Unnur Ösp hefur leikið ýmis hlutverk bæði í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, hjá Sjálfstæðu leikhúsunum og í kvikmyndum. Þar má nefna Krissu í Grease, Dionne í Hárinu, Unni Ösp í 5 stelpum.com og Laufeyju í kvikmyndinni Dís. Í Þjóðleikhúsinu lék Unnur í sýningunum Klaufar og kóngsdætur, Edith Piaf, Halldór í Hollywood og Eldhús eftir máli. Hún var tilnefnd sem besta leikkona ársins í aðalhlutverki sem Dottie í Killer Joe, lék Söru í Herra Kolbert hjá LA og Gretu í Hamskiptunum hjá Veturporti í Lyric Hammersmith leikhúsinu í London síðast liðinn vetur.



Jóhannes Haukur Jóhannesson útskrifaðist frá LHÍ með BFA gráðu í leiklist vorið 2005. Samhliða leikaranámi sínu við LHÍ lék Jóhannes með atvinnuleikhúsum á sumrin m.a. Rabba í Grease, Claude Hooper Bukowski í söngleiknum Hárið. Útskriftarverkefni hans voru hlutverk í Draumi á Jónsmessunótt, Spítalaskipinu og í Draumleik en sú sýning hlaut Grímuverðlaun sem besta sýning. Rétt fyrir útskrift hóf hann störf við Þjóðleikhúsið í sýningunni Dínamít. Leikárið eftir útskrift var hann ársráðinn við Leikfélag Akureyrar og lék þar Trausta Möller í Fullkomnu brúðkaupi, Arkasha í Maríubjöllunni og Tannlækninn í Litlu hryllingsbúðinni. Þá lék hann einnig, hjá Leikhópnum Á Senunni, Ernst Ludwig í söngleiknum Kabarett. Leikárið 2006/07 var Jóhannes ársráðinn í Þjóðleikhúsinu og lék þar Jörund í Patreki 1,5, Angelos í Bakkynjum og Bachelorinn í söngleiknum Legi. Þá lék hann einnig, með Hinu Lifandi Leikhúsi í Borgarleikhúsinu í Eilífri hamingju, hlutverk Geira og hlaut tilnefningu til Grímunnar sem besti leikari í aðalhlutverki. Vorið 2008 gerðist Jóhannes fastráðinn leikari við Borgarleikhúsið og auk hlutverks síns í Fló á skinni mun Jóhannes leika í Fólkinu í blokkinni og Milljarðamærin snýr aftur á Stóra sviði Borgarleikhússins í vetur.

Linda Ásgeirsdóttir lauk námi frá Leiklistarskóla Íslands 1998 en áður hafði hún lokið 7. stigi í söng frá Söngskólanum í Reykjavík. Linda hefur leikið með ýmsum leikhópum m.a. Möguleikhúsinu og Draumasmíðjunni og var um hríð félagi í Spaugstofunni. Linda fór með hlutverk Berglindar í Leitum að ungri stúlku í Iðnó. Í Þjóðleikhúsinu lék Linda í Rent, Sollu stirðu í Latabæ, Susan í Vér morðingjar, þernu Roxönu í Cyrano frá Bergerac, ýmis hlutverk í Syngjandi í rigningunni, Lóu í Bláa hnettinum, Sjógir í Strompleik, Önnu Jónu í Jóni Oddi og Jóni Bjarna og Fjólu í Rakstri. Linda lék einnig í söngleiknum Með næstum allt á hreinu á Broadway og er Skoppa í tvíeykinu Skoppa og Skríttla sem hafa flakkað heimshorna á milli síðustu misseri.



Margrét Helga Jóhannsdóttir útskrifaðist úr Leiklistarskóla Þjóðleikhússins 1967. Margrét lék fyrst nokkur hlutverk hjá Þjóðleikhúsi, m.a. ekkjuna í Zorba og var samhliða í Leiksmíðjunni og lék þar t.d. Steinunni í Galdra-Lofti. Árið 1972 fór hún yfir til LR í Iðnó, þar lék hún m.a. Uglu í Atómstöðinni og svo komu Salka Valka, Straumrof, Gísl og Dagur vonar. Margrét hefur leikið í fjórum verkum Kjartans Ragnarssonar sem öll voru sýnd oftast en 200 sinnum, Saumastofan, Blessað barnalán, Ofvitinn og Land míns föður. Í Borgarleikhúsinu hefur Margrét leikið í fjölda eftirminnilegra sýninga, m.a. í einleiknum Sigrún Ástrós, Elín Helena, Djöflarnir, Ljón í síðbuxum, Chicago, Öndvegiskonur og Fegurðardrottningin frá Línakri. Hún hefur leikið í ótal útvarpsleikritum, sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Margrét fékk Edduna fyrir hlutverk sitt í Englum alheimsins, tilnefningu fyrir Börn og var útnefndur Bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2004. Hún hefur verið fastráðinn leikari hjá LR í 30 ár og auk hlutverks síns í Fló á skinni mun Margrét Helga leika í Fólkinu í blokkinni og einleiknum Óskar og bleikklædda konan sem sýndur verður á Litla sviðinu eftir áramótin.



Randver Þorláksson útskrifaðist úr Leiklistarskóla Þjóðleikhússins árið 1970 og hefur verið í hópi vinsælustu leikara þjóðarinnar árum saman. Hann hefur lengst af verið fastráðinn leikari við Þjóðleikhúsið þar sem hann hefur leikið nálægt 200 hlutverk. Randver hefur leikið í fjölda útvarpsleikrita en þekktastur er hann fyrir hlutverk sín í sjónvarpi. Hlutverk hans í Spaugstofunni, vinsælasta sjónvarpsþætti landsins síðustu áratugi, eru ógleymanleg, hvort sem það er róninn á Arnarhóli eða Jóhanna Sigurðardóttir. Einnig hefur Randver birst í fjölda áramótaskaupa. Því má með sanni segja að Randver hafi verið fastagestur í stofum landsmanna árum saman. Auk þess að leika í þessum þáttum hefur hann verið meðal handritshöfundar. Randver hefur einnig leikið í fjölda kvikmynda, s.s. Stellu í orlofi, Magnúsi og Karalakórnum Heklu.



Tinna Lind Gunnarsdóttir útskrifaðist frá Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2007. Í útskriftarsýningu Nemendaleikhússins fór hún með hlutverk Vöku í Lífið-Notkunarreglur eftir Þorvald Þorsteinson sem unnin var í samstarfi við LA og sýnt í Rýminu síðastliðið vor. Önnur hlutverk voru Móðirin í Blóðbrúðkaupi Lorca og hún sjálf í samsettri sýningu hópsins, Hvít Kanína í leikstjórn Jóns Páls Eyjólfssonar en þessar sýningar voru báðar sýndar á Litla sviði Borgarleikhússins. Tinna átti verk í Dansleikhússamkeppni Borgarleikhússins og Íslenska Dansflokksins vorið 2005. Tinna leikur Sögu Ringsted í Fló á skinni.



Valdimar Örn Flygenring útskrifaðist frá L.Í. 1986. Eftir það tók við 10 ára tímabil hjá L.R. þar sem hann lék m.a. í frumuppfærslunni á Degi Vonar, Hamlet, Síldin kemur, Sveitasínfóni o.fl. Leikárið 1994/95 lék hann hjá L.A. í Sporvagninum Girnd, Dracula og Nönnu systur. Síðustu 10 árin hefur hann verið samningsbundinn Þjóðleikhúsinu og leikið m.a. í Ketti á heitu blikkþaki, Sjálfstæðu fólki, Vér morðingjum, Laufunum í Toscana, Grjótharðir og Pabbastrák. Hjá sjálfstæðum leikhópum True west, Fool for love og Heddu Gabler og í Hræðilegri hamingju hjá Alþýðuleikhúsinu. Hann hefur leikið í fjölmörgum blómmyndum, nú síðast í Mýrinni, og tekið þátt í fjölmörgum sjónvarpsverkefnum, m.a. Kallakaffi, útvarpsleikritum og auglýsingum innanlands og erlendis.



Halldór Gylfason útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands árið 1997. Hann réði sig til Borgarleikhússins árið 1998 og hefur verið þar allar götur síðan. Telja hlutverk hans í húsinu nú hátt á þriðja tug. Meðal eftirminnilegra hlutverka Halldórs í Borgarleikhúsinu eru Grettir úr samnefndum söngleik, Þráinn í And Björk, of course..., Skolli í Gosa og nú síðast Gregers í Gítarleikurinum. Halldór hefur sömuleiðis komið víða við í sjónvarpi, hann hefur leikið í áramótaskaupum, hann er fastagestur í Stundinni okkar þar sem hann segir krökkum ævintýri og er einn leikara og handritshöfundar Sigtisins sem sýnt var á Skjá einum. Halldór er líka tónlistarmaður og meðlimur í hljómsveitinni Geirfuglunum.

Þráinn Karlsson var meðal þeirra leikara sem fyrst fengu fastráðningu þegar LA varð atvinnuleikhús árið 1973. Síðan þá hefur hann farið með mörg hlutverk fyrir félagið, stór og smá. Þar má meðal annarra nefna Sganarelle í Don Juan, Skrifta-Hans í Ævintýri á gönguför, Þórð í Stalín er ekki hér, Bjart í Sjálfstæðu fólki, Matta í Púntilla og Matta, Anton Antonovitsj í Eftirlitsmanninum, Roulin bréfbæra í Bréfberanum frá Arles, hlutverk í My Fair Lady og í Edith Piaf, Ezra Pound í Skjaldbakan kemst þangað líka, Jón Hreggviðsson í Íslandsklukkunni, Eddie Carbone í Horft af brúnni, karlhlutverkin í BarPari, Fangavörðinn í Leðurblökunni, Charlie Baker í Útlendingnum, Angel í Undir berum himni, Jeeter Lester í Tobacco Road, Pólóníus í Hamlet, og Ananíus í Gullbrúðkaupi. Undanfarin misseri hefur hann vakið athygli í Fullkomnu brúðkaupi, Litlu hryllingsbúðinni og Maríubjöllun en fyrir það hlutverk hlaut hann tilnefningu til Grímunnar – íslensku leiklistarverðlaunanna. Hann vakti einnig verðskuldaða athygli fyrir leik sinn í Svörtum ketti í uppfærslu LA og sem smábarnið í Óvitum. Þráinn hefur einnig leikstýrt nokkrum vinsælustu sýningum LA, svo sem Ættarmótinu, Fátæku fólki og Blessuðu barnaláni. Þá hefur Þráinn hannað og smíðað leikmyndir. Árið 1974 stofnaði hann Alþýðuleikhúsið ásamt með öðrum og vann með því að nokkrum sýningum svo sem Krummagulli og Skollaleik. Hann starfaði um tíma í Þjóðleikhúsinu og hefur leikið í kvikmyndum, sjónvarpi og útvarpi. Þráinn vinnur einnig að myndlist og helgaði sig slíkum störfum veturinn 1995-1996 en þá var hann bæjarlistamaður Akureyrarbæjar.





Besti opnunar- dagur miðasölu Borgarleikhússins

Borgarleikhúsið hóf miða- og áskriftarsölu sína 22. ágúst síðast liðinn og viðtökur hafa verið vægast sagt stórkostlegar. Hvorki síma- né vefkerfi leikhússins stóðust álagið, sem auðvitað var svo kippt í liðinn eins fljótt og unnt var og miðar og áskriftarkort hófu að renna út eins og heitar lummur. Engan óraði fyrir þessum mikla áhuga og er leikhúsið afar

þakklátt fyrir hann og bendir fólki á að þær sýningar sem komnar eru í sölu eru óðum að fyllast. Þeir sem hafa áhuga á sýningum leikhússins eru hvattir til að tryggja sér miða hið fyrsta. Sími miðasölu **5688000**. Einnig er hægt að verða sér úti um miða og áskriftarkort á www.borgarleikhús.is.

Tímamótasamningur við **SPRON**



Ólafur Haraldsson framkvæmdastjóri SPRON og Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri Borgarleikhússins undirrituðu í lok sumars samstarfssamning sem gerir fólki yngra en 25 ára og námsmönnum kleift að verða fastagestir í Borgarleikhúsinu á mun lægra verði en áður hefur þekkst.

SPRON skuldbindur sig til þess að niðurgreiða áskriftarkort fyrir ungt fólk í Borgarleikhúsið um 50%. Námsmenn greiða því aðeins 4.450 fyrir kortið í stað kr. 8.900. Áskriftarkortið er að öllu leyti eins og almennt áskriftarkort og gildir á fjórar leiksýningar að eigin vali á leikárinu. Viðbrögð hafa farið fram úr björtustu vonum.

Sýning á **faraldsfæti**

Sýning Borgarleikhússins og Vesturports Woyzeck verður sýnd í New York í október næstkomandi á hinni virtu Wave-listahátíð í Brooklyn Academy of Music. Sýningin er sett upp og fjármögnuð af Borgarleikhúsinu í samstarfi við Vesturport, Barbican Center í London og Het Muziektheater í Amsterdam. Sýningin var frumsýnd í Barbican Center árið 2005. Hlaut sýningin mikið lof og var meðal annars útnefnd ein besta sýning ársins af tímaritinu TIME OUT. Eftir sýningar hér á landi var aftur sýnt í London, Þýskalandi, Hollandi, Spáni, í Seul í Suður-Kóreu og í Mexíkó. Samstarf Borgarleikhússins og Vesturports hefur verið afar gæfuríkt allt frá magnaðri sviðsetningu á Rómeó og Júlíu á Litla sviðinu árið 2002 og stefnt er að framhaldi á því.

Leikritunarsjóður **Leikfélags Reykjavíkur**

Á aðalfundi Leikfélags Reykjavíkur 15. október 2007 var samþykkt tillaga stjórnar Leikfélagsins um stofnun sérstaks sjóðs til eflingar leikritunar. Stefnt er að því að sjóðurinn tryggji að alltaf verði að minnsta kosti eitt leikskáld starfandi við leikhúsið. Formaður sjóðsins var kjörin Vigdís Finnbogadóttir, heiðursfélagi LR og með henni í stjórn eru Brynjólfur Bjarnason og Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri. Fyrsta leikskáldið verður ráðið nú í vetur.



Fló á skinni

Frum- sýningar

fyrir
áramót




Ævintýrið um
**frægasta spýtu-
strák** allra tíma



Nýr **hrifandi
söngleikur** eftir
Ólaf Hauk Símonarson



Guðdómlegur
gleðileikur



Getur **ástin**
fyrirgefið allt?



Duo og Dans andi



Kolsvört kómedía
um glataðar sálir



Saga um græðgi, **ást**
og **hatur**

Borgarleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur

Leikfélag Reykjavíkur er eitt elsta starfandi menningarfélag á Íslandi, stofnað 11. janúar 1897 er tveir hópar áhugamanna um leiklist sameinuðust í eitt félag. Helsti hvatinn að stofnun félagsins var bygging lðnaðarmannahússins við Tjörnina. Félaginu var falin varðveisla eigna Kúlissusjóðsins svonefnda, sem var myndaður af aðgangseyri hinna fyrstu opinveru leiksýninga í Reykjavík 1854. Leikfélag Reykjavíkur starfaði óslitið í lðnu þar til árið 1989 er öll starfsemi félagsins fluttist í nýtt leikhús, Borgarleikhúsið, sem Reykjavíkurborg byggði í samvinnu og samráði við Leikfélag Reykjavíkur.

Stjórn Borgarleikhússins

Skömmu eftir að Leikfélagið flutti inn í Borgarleikhúsið var gerður nýr samningur við Reykjavíkurborg sem gekk í gildi 11. janúar árið 2000. Þá leysti stjórn Leikfélags Reykjavíkur leikhúsráð af hólmi og skyldi stjórn bera ábyrgð á rekstri leikhússins. Skömmu síðar voru gerðar breytingar á lögum félagsins til að opna öllu áhugafólki um starfsemi LR leið inn í félagið, en frá stofnun þess voru það eingöngu starfsfólk Leikfélagsins sem áttu aðild að félaginu. Stjórn er kjörin á aðalfundi félagsins og er í dag skipuð áhugafólki um rekstur Borgarleikhúss og ræður hún til sín leikhússtjóra og framkvæmdastjóra til reksturs leikhússins.

Í dag sitja stjórn þau Inga Jóna Þórðardóttir, formaður. Marta Nordal, ritari, Þórólfur Árnason, Styrmir Gunnarsson og Theódór Júlíusson. Varamenn eru þær Edda Þórarinsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir.

Leikhússtjórn Leikfélags Reykjavíkur

- Sveinn Einarsson 1963 - 1972
- Vigdís Finnbogadóttir 1972 - 1980
- Stefán Baldursson og Þorsteinn Gunnarsson 1980 - 1983
- Stefán Baldursson 1983 - 1987
- Hallmar Sigurðsson 1987 - 1991
- Sigurður Hróarsson 1991 - 1996
- Viðar Eggertsson 1996
- Þórhildur Þorleifsdóttir 1996 - 2000
- Guðjón Pedersen frá ágúst 2000 - 2008
- Magnús Geir Þórðarson 2008 -

Heiðursfélagar Leikfélags Reykjavíkur

- Baldvin Tryggvason
- Jón Sigurbjörnsson
- Steindór Hjörleifsson
- Steinþór Sigurðsson
- Sveinn Einarsson
- Vigdís Finnbogadóttir

Fastráðnir starfsmenn:

Yfirstjórn og skrifstofa

Magnús Geir Þórðarson: Leikhússtjóri
Þorsteinn S. Ásmundsson: Framkvæmdastjóri
Hafliði Arngrímsson: Leiklistarráðunautur
Frank Hall: Listrænn ráðunautur
Sváfnir Sigurðarson: Markaðsstjóri
Helga Pálmadóttir: Gjaldkeri

Sýningarstjórn

Anna Pála Kristjánsdóttir: Sýningarstjóri, Stóra svið
Ingibjörg Bjarnadóttir: Sýningarstjóri, Stóra svið
Chris Astridge: Sýningarstjóri, Nýja svið

Leiksvið

Kristinn Karlsson: Forstöðumaður
Friðbjófur Sigurðsson: Aðstoðarsviðsstjóri
Einar Rúnarsson: Tæknisviðsstjóri
Hákon Jónsson: Sviðsmaður
Steingrímur Guðjónsson: Sviðsmaður

Ljósadeild

Þórður Orri Pétursson: Forstöðumaður
Björn Bergsteinn Guðmundsson: Yfirljósaðhönnuður
Magnús Arnar Sigurðsson: Ljósamaður
Rainer Eisenbraun: Ljósamaður

Hljóð- og tölvudeild

Jakob Tryggvason: Forstöðumaður
Ólafur Örn Thoroddsen: Hljóðmaður, verkefnastjóri
Sigurvald Ívar Helgason: Hljóðmaður
Guðmundur H. Viðarson: Hljóðmaður
Stefán Þórarinnsson: Tölvuumsjón

Búningadeild

Stefanía Adolfsdóttir: Forstöðumaður
Maggý Dögg Emilsdóttir: Búningagerð
Elma Bjarney Guðmundsdóttir: Starfsmaður

Leikgervadeild

Sigríður Rósa Bjarnadóttir: Forstöðumaður
Elín Sigríður Gísladóttir: Starfsmaður

Leikmunadeild

Þorleikur Karlsson: Forstöðumaður
Aðalheiður Jóhannesdóttir: Yfirleikmunavörður

Smíðaverkstæði

Gunnlaugur Einarsson: Forstöðumaður

Miðasala og framhús

Guðrún Stefánsdóttir: Miðasölu- og framhússtjóri
Vigdís Theodórsdóttir: Vaktstjóri
Ása Guðrún Svverrisdóttir: Starfsmaður
Ingibjörg Magnúsdóttir: Ræstitækni

Eldhús

Sigurveig Guðmundsdóttir
Bryndís Hilmarsdóttir

Ræsting

Elín Anna Sigurjónsdóttir: Ræstitækni
Signý Amelía Hackart: Ræstitækni

Móttaka

Anna Kristín Þorsteinsdóttir: Móttökuritari
Birna Helena Clausen: Móttökuritari

Umsjón húss:

Ögmundur Þór Jóhannesson

Leikarar á föstum samningi

Bergur Þór Ingólfsson
Björn Thors
Guðjón Davíð Karlsson
Halldór Gylfason
Halldóra Geirharðsdóttir
Hallgrímur Ólafsson
Hanna María Karlsdóttir
Jóhann Sigurðarson
Jóhanna Vigdís Arnardóttir
Jóhannes Haukur Jóhannesson
Kristín Þóra Haraldsdóttir
Margrét Helga Jóhannsdóttir
Pétur Einarsson
Sigrún Edda Björnsdóttir
Theódór Júlíusson
Þröstur Leó Gunnarsson

Listrænir stjórnendur

Jón Páll Eyjólfsson: Leikstjóri
Kristín Eysteinsdóttir: Leikstjóri
Snorri Freyr Hilmarsson: Leikmyndahönnuður

Borgarleikhúsið

Listabraut 3, 107 Reykjavík

Miðasala: 568-8000, skrifstofa: 568-5500

Netfang: borgarleikhus@borgarleikus.is

www.borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið á gott samstarf við nokkur af **öflugustu fyrirtækjum landsins.**
Fyrir það erum við þakklát



SUND FYRIR SÝNINGU

Skelltu þér í sund
og svo í leikhúsið

Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is sími 411 5000

VÍS styður íslenskt
menningarlíf



Þar sem tryggingar
snúast um fólk

0kr.

að hringja innan
fjölskyldunnar

0
1
2
3
4
5
6
7
8
9

Í Núllinu borgar fjölskyldan ekki krónu þegar hún hringir sín á milli

Með því að skrá símanúmer heimilisfólksins í **Núllið** þarf fjölskyldan ekki að borga krónu fyrir símtöl sín á milli innanlands. Hægt er að skrá þrjú til sex GSM númer hjá Símanum og eitt heimanúmer. Skilyrði er að viðskiptavinir hafi sama lögheimili og að eitt GSM númer sé skráð í áskrift. Eitt númeranna má vera fyrirtækjanúmer og hringir heimilisfólkið þá í það fyrir 0 kr. Enginn aukakostnaður og engar skuldbindingar. Með **Núllinu** spara allir á heimilinu.

Skráðu fjölskylduna í síma
800 7000
eða á
siminn.is
án tafar!

Það er **Síminn**



Tært, kalt, ferskt

Vatn er undirstaða lífsins. Einungis 1% af vatni á jörðinni er ferskvatn, aðgengilegt mönnum og dýrum til neyslu. Íslendingar njóta þeirra forréttinda að geta neytt ómengaðs vatns nær takmarkalaust. Orkuveita Reykjavíkur starfrækir stærstu vatnsveitu landsins sem þjónar um helmingi Íslendinga. Gott vatn er gulls ígildi. Njóttu þess að skrúfa frá!



...þegar lífið blómstrar



blómaval
heillandi heimur

Skútvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

Við náum árangri...

... saman!

LEIKHÚSMÍÐAR Á BÍÓVERÐI

SPRON býður öllu ungu fólki, 25 ára og yngri, áskriftarkort á fjórar leiksýningar að eigin vali í Borgarleikhúsinu með 50% afslætti, 4.450 kr. í stað 8.900 kr.

Njótið vel!